

Frá haga/akri í maga

Björgvin Þór Harðarson, bóndi í Laxárdal

Svínabúskapur, kornrækt

Pizzabakstur og kjötvinnsla

2001 - Upphafið

- ▶ Miklar hækkanir á hráefnisverði
- ▶ Fyrst var korn ræktað í Laxárdal og á nærliggjandi jörðum á ca. 5 ha
- ▶ Einnig var korn keypt af bændum, ýmist fullpurrrkað eða ópurrrkað
- ▶ Í dag fer öll ræktun fram í Gunnarsholti á um 230 ha



Landsvæði í ræktun í Gunnarsholti 2017



Bygg

Yrki: Filippa 2r, Aukusti 6r, Kría 2r



Hveiti

Yrki: Arktika



Nepja

Yrki: Cordelia



Rúgur 2012



Bókhveiti 2012



Sáning, áburðardreifing og jarðvinnsla - allt unnið að mestu með einni vél



Sendinn jarðvegur, hætta á foki.
Huga þarf vel að aðferðum við
jarðvinnslu



Jarðvegurinn

- ▶ Frekar næringarsnauður jarðvegur
- ▶ Mikilvægt að skila til baka þeim næringarefnum sem tekin eru með uppskeru
- ▶ Hálmur saxaður niður að miklu leyti. Tekinn af akri þriðja hvert ár
- ▶ Eftir nokkur ár í ræktun fór að bera á skorti á snefilefnum. Í dag er sérstökum fljótandi áburði úðað á þeim tíma sem plönturnar þurfa á honum að halda


Uppskeran

- ▶ Gæði uppskeru
 - ▶ Korn þarf að vera laust við sveppasmit
 - ▶ Rúmþyngd kornsins þarf að vera amk 620 kg/rúmmetra
- ▶ Þurrkun
 - ▶ Geymist vel
 - ▶ Engin vandamál við meðhöndlun, góð söluvara
 - ▶ Hentar vel í fóður fyrir svín
- ▶ Súrsun
 - ▶ Hentar vel fyrir nautgripi
 - ▶ Erfiðara að flytja, meðhöndla og selja

Kostnaður við kornrækt

- ▶ Framleiðslukostnaður þarf að vera lægri en verð á innfluttu korni
- ▶ Upp úr aldamótum hækkaði heimsmarkaðsverð á korni mjög mikið
- ▶ Í seinni tíð hefur tekist að auka uppskeru pr. ha en verð á innfluttu korni hefur líka lækkað

Mismunur á verði innflutts korns og kostnaði við ræktun



Korn/bygg til eldis á svínum

- ▶ Hver gylta gefur af sér um 1600 kg af kjöti á ári
 - ▶ Ca. 4 kg af fóðri þarf fyrir 1 kg af kjöti
- ▶ Hver gylta þarf því $4 \times 1600 = 6.400$ kg fóður
 - ▶ 80% af því er bygg, hveiti eða nepja
- ▶ Uppskeyra af ha í bygggræktun á Íslandi 3,5 tonn
- ▶ Hver gylta þarf því $(6400 \times 80\%) / 3,5 = 1,5$ ha
- ▶ Þetta þýðir að af hverjum ha er hægt að fá

1096 kg af kjöti

Nepja í svínafóður

- ▶ Heilmalað með með olíunni í fræjunum
- ▶ Olían nýtist vel sem orkugjafi
 - ▶ Rík af fjölómettuðum fitusýrum
 - ▶ Inniheldur Omega 3 fitusýrur
- ▶ Hratið gefur prótein
 - ▶ Kemur að hluta í stað innflutts sojamjöls

Nepja inniheldur olíu og prótein



Gæði kjöts af grísum sem eru aldir á íslensku byggi og nepju

- ▶ Korngrís inniheldur **11,7%** minna af **mettuðum fitusýrum** (slæmar fitusýrur)
- ▶ Korngrís inniheldur nánast jafn mikið af **einómettuðum fitusýrum** (góðar fitusýrur)
- ▶ Korngrís inniheldur **43,7%** meira af **fjölómettuðum fitusýrum** (góðar fitursýrur)
- ▶ Korngrís inniheldur **28,6 %** minna af **óþekktum fitusýrum** en samanburðarsýni.
- ▶ Korngrís inniheldur **12,5 %** meira af **ómega-3 fitusýrum** (mjög góðar fitusýrur)

Markaðssetning

- ▶ Staðbundin matvæli (e. local food)
 - ▶ Fólk, sérstaklega ferðamenn, vilja neyta vara sem verða til á því svæði sem þeir heimsækja
- ▶ Tengja upplifun af vörunni við náttúru landsins
 - ▶ Þegar fólk tekur ákvörðun um kaup á vöru þá er mikilvægt að í huga þess sé mynd af hreinleika íslenskrar náttúru og að varan sé í raun hluti af þeirri mynd

Framtíðin

- ▶ Við viljum leggja áherslu á að markaðsetja okkar afurðir sem íslenska vöru, framleidda úr íslensku hráefni sem vex í hreinni íslenskri náttúru
 - ▶ Mikilvægur þáttur í því er að koma á laggirnar kjötvinnslu sem sérhæfir sig í vinnslu afurða af grísum sem aldir eru á íslensku korni.



Lokaorð